Fullgild rafræn undirskrift
INGIBJÖRG STEINUNN SVERRISDÓTTIR
Kennitala: 130255-2059
2023-09-14 16:19:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

## 16 204

# Ársreikningur 2022

## Efnisyfirlit

**Bls.**


Skýrsla og áritun forstöðumanns ............................................................ **2**
Yfirlit um afkomu ársins ........................................................................... **3**
Efnahagsreikningur .................................................................................. **4**
Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................... **5**
Skýringar .................................................................................................. **6**



**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**

**kt. 701194-3149**

**Arngrímsgötu 3, 107 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands og forystusafn íslenskra bókasafna. Safnið er rannsóknabókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

Í safninu eru varðveitt útgefin íslensk hugverk, erlend fræðirit, námsgögn, kort, handrit og einkaskjöl auk hljóðrita, tónlistar, kvikmynda og annars myndefnis.

Safnið sinnir þjónustu við kennslu og rannsóknarstarfsemi Háskóla Íslands og heldur uppi öflugri bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu menntunar, vísinda, atvinnulífs, stjórnsýslu og menningar.

Í Þjóðarbókhlöðu býður safnið upp á góða vinnuaðstöðu þar sem er greiður aðgangur að safnkostinum. Safnið veitir í sífellt auknum mæli aðgang að stafrænum gögnum á netinu og vinnur að stafrænni endurgerð íslensks menningararfs.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Samanburðartölur eldra árs eru frá fjárlagalið 02-905.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.430,6 milljónir og afkoma kr. -65,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -69,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 79,6 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
Landsbókavörður

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 1.110.400.000 | 1.070.700.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 10.412.822 | 10.143.565 |
| Vörusala | 4 | 334.575 | 333.650 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 300.503.828 | 307.978.242 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 8.995.565 | 10.384.844 |
| **Tekjur samtals** | | 1.430.646.790 | 1.399.540.301 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 6 | 787.038.788 | 729.735.186 |
| Framlög og tilfærslur | | 0 | 100.000 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 700.127.108 | 726.790.590 |
| Afskriftir | 8 | 8.995.565 | 10.384.844 |
| **Gjöld samtals** | | 1.496.161.461 | 1.467.010.620 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | (65.514.671) | (67.470.319) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 50.686 | 0 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (29.185) | (129.820) |
| | | 21.501 | (129.820) |
| **Afkoma ársins** | | (65.493.170) | (67.600.139) |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 2 | | |
| Rekstur | | (89.993.170) | (77.200.139) |
| Rekstrartilfærslur | | 24.500.000 | 9.600.000 |
| | | (65.493.170) | (67.600.139) |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 9 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 22.223.772 | 27.972.519 |
| Aðrar eignir | | 11.610.127 | 11.610.127 |
| | | 33.833.899 | 39.582.646 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 33.833.899 | 39.582.646 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 10 | 1.445.684 | 1.678.252 |
| Viðskiptakröfur | | 5.367.640 | 10.799.916 |
| Tengdir aðilar | 11 | 20.454.351 | 65.161.376 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 50.029 | 1.259.395 |
| Handbært fé | 12 | 18.404.206 | 13.956.752 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 45.721.910 | 92.855.691 |
| **Eignir samtals** | | 79.555.809 | 132.438.337 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 13 | | |
| Hrein eign | | (69.303.676) | (3.810.506) |
| **Eigið fé samtals** | | (69.303.676) | (3.810.506) |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 11 | 14.713.618 | 6.420.716 |
| Viðskiptaskuldir | | 30.721.334 | 21.261.721 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 14 | 69.831.625 | 74.677.933 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 15 | 33.592.908 | 33.888.473 |
| | | 148.859.485 | 136.248.843 |
| **Skuldir samtals** | | 148.859.485 | 136.248.843 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 79.555.809 | 132.438.337 |
| **Aðrar upplýsingar** | 16 | | |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (65.493.170) | (67.600.139) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 8.995.565 | 10.384.844 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (8.995.565) | (10.384.844) |
| | | (65.493.170) | (67.600.139) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 6.641.642 | (4.733.062) |
| Tengdir aðilar | | 58.453.109 | 75.610.656 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 4.613.305 | 1.959.152 |
| | | 69.940.624 | 73.166.527 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 4.447.454 | 5.566.388 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 9 | (3.246.818) | (4.379.790) |
| | | (3.246.818) | (4.379.790) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 3.246.818 | 4.379.790 |
| | | 3.246.818 | 4.379.790 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 4.447.454 | 5.566.388 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 13.956.752 | 8.390.364 |
| **Handbært fé í árslok** | | 18.404.206 | 13.956.752 |

*Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **2 Tekjufærsla fjárveitinga** | | |
| Fjárveiting ársins | 1.110.400.000 | 1.070.700.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 8.995.565 | 10.384.844 |
| | 1.119.395.565 | 1.081.084.844 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 1.085.900.000 | 24.500.000 | 0 | 1.110.400.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **1.085.900.000** | **24.500.000** | **0** | **1.110.400.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (1.175.893.170) | 0 | 0 | (1.175.893.170) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(89.993.170)** | **24.500.000** | **0** | **(65.493.170)** |

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **3 Seld þjónusta** | | |
| Sérfræðiþjónusta | 102.000 | 164.000 |
| Verksala | 206.101 | 691.625 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 6.166.725 | 4.627.948 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 3.937.996 | 4.659.992 |
| | 10.412.822 | 10.143.565 |
| **4 Vörusala** | | |
| Vörusala I | 334.575 | 333.650 |
| | 334.575 | 333.650 |
| **5 Framlög og ýmsar tekjur** | | |
| Leigutekjur | 2.272.882 | 2.276.810 |
| Kostnaðarhlutdeild | 192.737.129 | 196.846.696 |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 100.409.556 | 103.784.072 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 4.889.660 | 5.070.664 |
| Ýmsar tekjur | 194.601 | 0 |
| | 300.503.828 | 307.978.242 |

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður** | | |
| Laun | 641.843.425 | 591.942.532 |
| Orlof, breyting | (2.908.906) | 2.778.081 |
| Launatengd gjöld | 144.383.832 | 131.796.227 |
| Starfsmannakostnaður | 3.720.437 | 3.218.346 |
| | 787.038.788 | 729.735.186 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 70,8 | 69,7 |

# Skýringar

## 7 Annar rekstrarkostnaður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 24.816.299 | 31.625.393 |
| Byggingarvörur, almennar | 1.797.345 | 937.467 |
| Byggingarvörur, aðrar | 11.118 | 102.627 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 88.970 | 9.372 |
| Ýmis tæki og áhöld | 991.776 | 3.135.994 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 775.570 | 705.450 |
| Orkugjafar | 27.079.289 | 28.061.883 |
| Matvæli | 13.975.859 | 15.152.417 |
| Almennar rekstrarvörur | 4.470.091 | 2.670.715 |
| Vörukaup, almenn | 74.006.317 | 82.401.318 |
| | | |
| Kennslu- og föndurvörur | 0 | 9.720 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 2.417.154 | 1.698.102 |
| Vörukaup, sérgreind | 2.417.154 | 1.707.822 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 2.037.131 | 1.791.511 |
| Ferðir, uppihald | 1.283.825 | 46.580 |
| Akstur | 263.678 | 461.649 |
| Sérfræðiþjónusta | 47.740.844 | 59.882.780 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 243.841 | 231.675 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 69.416 | 963.459 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 2.883.169 | 3.104.595 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 54.521.904 | 66.482.249 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 8.540.707 | 8.837.240 |
| Afnotagjöld | 374.187.726 | 391.344.820 |
| Leigugjöld | 18.635.645 | 17.758.273 |
| Notkun véla og flutningatækja | 2.775.861 | 4.451.207 |
| Verkkaup | 79.979.136 | 72.451.082 |
| Kostnaðarhlutdeild | 336.092 | 279.323 |
| Tryggingar, lögboðnar | 5.404.983 | 4.914.978 |
| Opinber gjöld | 77.600.435 | 74.041.601 |
| Tilfærslur | 100.000 | 0 |
| Tapaðar kröfur | 1.355.200 | 1.779.992 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 568.915.785 | 575.858.516 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 700.127.108 | 726.790.590 |

## 8 Afskriftir

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 8.995.565 | 10.368.460 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 0 | 16.384 |
| | 8.995.565 | 10.384.844 |

## Skýringar

**9 Varanlegir rekstrarfjármunir**

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 22.223.772 | 27.972.519 |
| Aðrar eignir | 11.610.127 | 11.610.127 |
| | 33.833.899 | 39.582.646 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2022 | 101.564.504 | 11.746.977 | 113.311.481 |
| Viðbætur á árinu | 3.246.818 | 0 | 3.246.818 |
| | 104.811.322 | 11.746.977 | 116.558.299 |
| Afskrift 01.01.2022 | 73.591.985 | 136.850 | 73.728.835 |
| Afskrift ársins | 8.995.565 | 0 | 8.995.565 |
| | 82.587.550 | 136.850 | 82.724.400 |
| Staða 31.12.2022 | 22.223.772 | 11.610.127 | 33.833.899 |

**10 Birgðir**

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarvörubirgðir | 1.445.684 | 1.678.252 |
| | 1.445.684 | 1.678.252 |

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreldingar þar sem við á.

**11 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 0 | 67.456.792 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 20.454.351 | (2.295.416) |
| | 20.454.351 | 65.161.376 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 11.360.154 | 0 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 3.353.464 | 6.420.716 |
| | 14.713.618 | 6.420.716 |

**12 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 53.210 | 74.110 |
| Tékkareikningar | 16.378.549 | 11.963.808 |
| Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum | 1.972.447 | 1.918.834 |
| | 18.404.206 | 13.956.752 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 62,3 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

# Skýringar

**13 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| **Hrein eign** | | |
| Jöfnuður 1.1. | (3.810.506) | 63.789.633 |
| Afkoma ársins | (65.493.170) | (67.600.139) |
| Jöfnuður 31.12. | (69.303.676) | (3.810.506) |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

| **14 Ýmsar skammtímaskuldir** | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 69.793.230 | 72.702.136 |
| Önnur ógreidd gjöld | 0 | 1.965.105 |
| Skattar | 38.395 | 10.692 |
| | 69.831.625 | 74.677.933 |

**15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 33.833.899 | 39.582.646 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) | (240.991) | (5.694.173) |
| | 33.592.908 | 33.888.473 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2022 | 39.582.646 | (5.694.173) | 33.888.473 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 8.700.000 | 8.700.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 3.246.818 | (3.246.818) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (8.995.565) | 0 | (8.995.565) |
| | 33.833.899 | (240.991) | 33.592.908 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 4,7 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

# Skýringar

**16 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðin tíma og til 2033. Einnig hafa verið gerðir þjónustusamningar um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu þriggja ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 21,3 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 10,9 milljónum. Aðrir samningar nema um 12,4 mkr. vegna hýsingar.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

*Veittar ábyrgðir*
Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óafturkallanleg loforð*
Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.